

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
601 Akureyri

Reykjavík 30. mars 2020
UST202003-025/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hörgársveitar 2012 – 2024. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar dags. 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar varðandi eftirfarandi atriði.

- Breyting á skilmálum efnistöku í Hörgá.
- Leiðrétting er varðar skilgreiningu efnistökusvæðis við Hlaðir og Spónsgerði.
- Íbúaspá aðalskipulags uppfærð.
- Þrjú skógræktarsvæði færð inn á skipulag.
- Fráveitulögn Lónsbakkahverfis færð inn á skipulag.
- Breytt lega reiðleiðar meðfram nýjum Hörgárdalsvegi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við Íbúaskrá og leiðréttingu varðandi efnistökusvæði annars vegar við Hlaðir/Trésstaði og Spónsgerði. Hér er um gamlar námur að ræða sem féllu út af skipulagi vegna mistaka. Umhverfisstofnun telur jákvætt að settir eru skilmálar varðandi frágang námunnar við Hlaðir. Að mati stofnunarinnar mætti setja víðar slíka skilmála um frágang efnistökusvæða.

Varðandi skógræktarsvæði telur Umhverfisstofnun mjög jákvætt að lögð er áhersla á að láta landform ráða hvernig nýjum skógræktarsvæðum verði best komið fyrir þannig að hér verði um jákvæða viðbót við landslag að ræða. Einnig er jákvætt að forðast verði að gróðursetja í votlendi og að gætt verði fjarlægðar frá ábökkum og þess að nýtilegt ræktarland verði ekki tekið undir skógrækt. Varðandi kolefnisbindingu skógræktar ætti að huga að varanleika trjágróðurs þannig að binding kolefnis verði tryggð um sem lengstan tíma.


Varðandi efnistökusvæða við Hörgá eru felld út ákvæði um að einungis verði nýtt eitt efnistökusvæði í einu. Miðað við fjölda efnistökusvæða við Hörgá og þess magns sem ráðgert er að taka þarna mætti gjarnan líta til mögulegra samlegðaráhrifa við gerð nýs aðalskipulags sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að lögð verði ný fráveitulögn frá Lónsbakkahverfi að dælustöð við Sjafnargötu á Akureyri sem mun koma í stað rotþróar sem uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Ráðgert er að leggja lögnina meðfram núverandi vegum þannig að rask vegna framkvæmdarinnar verður minna en ella.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytta legu reiðvegjar. Hér er um að ræða óverulegt mannvirki sem venjulegast hefur óveruleg áhrif í för með sér og eru auk þess afturkræft.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur